

From: Friðrik V. Þórðarson <fridrik.v.th@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 16. október 2019 21:57
To: Gunnar Einarsson <gunnar@gardabaer.is>
Subject: Styrkumsókn

Sæll Gunnar.

Erindið er að leita eftir stuðningi Garðabæjar við Húsfélagið Strikinu 2-12 vegna fyrirsjáanlegrar og nauðsynlegrar uppbyggingar hleðslubúnaðar fyrir rafbíla í bílastæðiskjöllurunum tveim, sem húsunum tilheyra. Um er að ræða undirbúningslagir, ásamt stýribúnaði til álagsdreifingar, þannig að þeir sem þess óska geti síðan tengt rafbíla sína við kerfið.

Við höfum fengið tvo aðila sem taka að sér slík verkefni, annars vegar Ísorku og hins vegar Hlaða, til að skoða og meta aðstæður og að lokum leggja fram tilboð um útfærslur og framkvæmdir. Fyrir liggur að sá kostnaður sem til fellur við grunnbúnað nemur á bilinu 35-80 þúsundum króna á hvert stæði. Þannig mun grunnkostnaður nema 3.5-8 milljónum króna fyrir þessi 100 stæði sem eru í bílastæðis-húsunum tveim. Með uppsetningu grunnbúnaðarins yrðu þau tilbúin til að hver stæðiseigandi, sem þess óskaði, gæti tengt sitt stæði við kerfið og greiddi þá fyrir hleðslustöð og kostnað við að tengja sig við grunnkerfið.

Ljóst er að um þróun er að ræða, sem mun af vaxandi þrýstingi kalla á framkvæmdir af okkar hálfu, og að svara kalli tímans. Það mun taka tíma að vinna slíkum breytingum fylgi og innleiða, af ýmsum ástæðum. Það væri ótvíræður hvati til framkvæmda ef Garðabær sæi sér fært að styðja við þessar breytingar með aðkomu sinni að einhverju leyti, til dæmis með því að styrkja húsfélagið til að hrinda þessum grunnframkvæmdum úr vör í þessu góða samfélagi.

Með von um góðan skilning og jákvæðar undirtektir,

Friðrik Viðar Þórðarson

Formaður stjórnar húsfélagsins Strikinu 2-12

Garðabæ.